

Skýrsla

Skýrsla



**Uppstillingarnefndar
2015**

Þetta árið fóru öll samskipti á milli nefndarmanna í gegnum tölvusamskipti og hefur það gengið mjög vel. Jóhanna formaður nefndarinnar skipti starfsnefndum Sjúkraliðafélags Íslands á milli nefndar - og varamanna eins og á síðasta ári. Byrjað var að senda út auglýsingu um framboð til nefndarstarfa sem lauk 17. apríl og bárust nefndinni 3 framboð. Haft var samband við alla þá nefndarmenn sem eru að klára sitt kjörtímabil núna og athugað hvort þeir gæfu kost á sér áfram eins var farið yfir upplýsingar nefndarmanna og þær leiðréttar. Þó nokkuð var um nefndarmenn gæfu kost á sér áfram til nefndarstarfa fyrir félagið sem er mjög gott þegar vel er unnið í nefndunum. Áfram var reynt að ná sérstaklega til ungra sjúkraliða og fá þá í nefndarstörf en það gengur því miður erfiðlega.

Tekinn var saman fjöldi nefndarsæta og nefndarmanna og hvernig þau skiptast á milli landshlutadeilda og nú í fyrsta sinn er líka settur inn fjöldi sjúkraliða í hverri landshlutadeild s.l áramót.

Hlutföll landshlutadeilda SLFÍ í starfsnefndum fyrir starfsár 2015 – 2016
 ásamt fjölda sjúkraliða í hverri landshlutadeild miðað við áramót 2014 - 2015

DEILD og fjöldi sjúkraliða	Starfsnefndarsæti	Félagsstjórn	Framkvæmdastjórn	= Sæti	Nefndarmenn
Reykjavíkurseild (RVKD) 1.114	42	5	5	52	35
Vesturlandsdeild (VLD) 135	1	1		2	2
Vestfjarðardeild (VFD) 34	1	1		2	2
Norðurlandsdeild vestri (NLDV) 43	3	1		4	2
Norðurlandsdeild eystra (DSNE) 208	6	1		7	4
Austurlandsdeild (AULD) 93		1		1	1
Suðurlandsdeild (SLD) 122	3	2	1	6	4
Vestmanneyjaseild (VED) 39		1		1	1
Suðurnesjaseild (SND) 113	1	1		2	2

Uppstillinganefnd er skipuð fimm félagsmönnum og tveim til vara.

Nefndina skipa:

Jóhanna Traustadóttir, (RVKD) formaður,

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir (DSNE)

Erla Linda Bjarnadóttir (VLD)

Þórhildur Una Stefánsdóttir (RVKD)

Soffía Líndal (DSNE)

Varamenn eru:

Jóhanna Bjarndís Sævarsdóttir (RVKD)

Jakobína Rut Daníelsdóttir (RVKD)

Tillaga Uppstillinganefndar í framkvæmdastjórn og starfsnefndir Sjúkraliðafélags Íslands liggur fyrir og verður borin upp til samþykktar á þingi SLFÍ. Uppstillinganefndin óskar öllum í nefndarmönnum heilla á komandi starfsári og þakkar þeim sem eru að hætta fyrir vel unnin störf.

Fyrir hönd Uppstillinganefndar

Jóhanna Traustadóttir, formaður Uppstillinganefndar